

Reykjavík, 10. mars 2022

**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa!
Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki. Villa! Uppruni
tilvísunar finnst ekki.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík**

Efni: Ósk um heimild til endurnýjunar teljarastíflu í Elliðaánum

Orkuveita Reykjavíkur óskar hér með eftir leyfi til endurnýjunar teljarastíflu í Elliðaánum. Núverandi búnaður sem notaður hefur verið frá 9. áratug síðustu aldar og leysti af eldri búnað, er úr sér genginn og uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til hans. Teljarastíflan er létt stíflumannvirki sem staðsett er fáeinum metrum neðan við útfallið úr Rafstöðinni í Elliðaárdal, en í stíflunni er komið fyrir tvennskona búnaði, fiskiteljara og seiðateljara. Þeir vísindamenn sem sinna rannsóknum á Elliðaánum eru einhuga um nauðsyn þess að ráðist verði í þessa framkvæmd.

Fyrir þá sem ekki þekkja til nýtist teljarastíflan í Elliðaánum frá og með maí til og með september, en tilgangur hennar er að hýsa fiskiteljara sem telur og myndar allan þann lax sem gengur í Elliðaánnar. Einnig er tengd svokölluð seiðagildra við teljarastífluna, en hún er notuð á vorin þegar laxaseiðin sem alist hafa upp í Elliðaánum, venjulega í tvo vetur, ganga til sjávar. Gönguseiðin ganga í gildruna, hluti þeirra er merktur og þeim síðan sleppt. Með merkingunum fæst mat á fjölda laxaseiða sem ganga til sjávar á hverju ári, ástandi þeirra, göngutíma, dánartölu í sjó, endurheimtum o.fl. Seiðagildra hefur verið starfrækt í Elliðaánni samfelld frá árinu 1988.

Þær rannsóknir sem gerðar eru á laxastofni Elliðaánnar eru mjög mikilvægar, ekki aðeins fyrir Elliðaánnar sjálfar, heldur fyrir laxastofna á norðurlóðum. Elliðaánnar eru skilgreindar sem lykilá varðandi laxastofna og lífríki í laxveiðiám á Suður- og Vesturlandi og eru niðurstöður rannsókna á þeim m.a. notaðar hjá Alþjóða hafrannsóknaráðinu (ICES) við mat á ástandi laxastofna í norður Atlantshafi. Mat ICES er svo m.a. notað við mat á veiðipoli laxastofnanna og ákvörðun kvóta fyrir laxveiðar í sjó. Laxfiskar ehf. og Hafannsóknastofnun sinna rannsóknum á Elliðaánum og skv. álitu Hafrannsóknastofnunar er mikilvægt að allra leiða sé leitað til að unnt sé að halda þeim rannsóknum áfram óslitið, enda sú gagnaröð sem til er í Elliðaánum afar dýrmæt að mati stofnunarinnar og á reyndar fáar sínar líkar í heiminum.

Stutt lýsing verkefnis

Verkefnið sem ráðast þarf í er að endurnýja teljarastífluna í Elliðaánum sem er í námunda við Rafstöðina, á sama stað og eldri teljarastífla og tilheyrandi mannvirki hafa staðið.

Steinsteyptir stöplar eru við hvorn bakka árinna á þessum stað sem nýttast munu nýju stíflumannvirki og þar er einnig steinsteyptur þröskuldur yfir ána. Við byggingu nýrrar stíflu er talin þörf á að koma fyrir tveimur steinsteyptum stöplum í ánni, ásamt

steinsteypum kassa eða hólfi sem hýsa myndi nýjan fiskiteljara. Botn hólsins yrði steinsteyp, en loka má því að ofanverðu með opnanlegum hlera til að hlífa teljarabúnaðinum. Einnig þarf að gera ráð fyrir að hægt verði að loka gönguleið laxins um teljarann, svo unnt verði að taka sýni. Gert er ráð fyrir að hluti teljarastíflunnar verði úr forsteypum einingum, en hluti steypur á staðnum, en það krefst þess að helmingur árinna yrði stíflaður með pokum og vatni veitt yfir í hinn helminginn á meðan á þeirri vinnu stæði. Ánni yrði þó eingöngu veitt frá vinnusvæðinu innan árfarvegarins. Ljóst er að þörf verður á að grafa lítilsháttar mól upp úr árbotninum svo unnt verði að koma steinsteypueiningunum niður á fast til að tryggja öryggi í flóðum. Stefnt er að því að verkið verði unnið að vetri þegar rennsli er í lágmarki. Ljóst er að umtalsvert auðveldara yrði að umgangast teljarabúnaðinn eftir þessar framkvæmdir en nú er. Jafnframt ber að taka fram að öryggi þeirra starfsmanna sem þjónusta búnaðinn hefur verið ábótavant hingað til, en með tilkomu endurnýjaðrar teljarastíflu á þeim grundvelli sem hér er lagður, verður það mun betur tryggt.

Gert er ráð fyrir að áformuð teljarastífla muni endast í áratugi án teljandi viðhalds.

Gögn

Meðfylgjandi eru myndir sem sýna afstöðu teljarastíflunnar m.v. byggingar í nágrenninu, ss. Rafstöðina í Elliðaárdal o.fl. Einnig fylgja með tölvugerðar myndir sem sýna núverandi teljarastíflu í samanburði við hina nýju sem óskað er eftir leyfi til að byggja. Þá eru einnig meðfylgjandi verkfræðiteikningar af mannvirkinu. Verkfræðistofan Verkís hannaði mannvirkið.

Virðingarfyllt,

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur,
Ólafur E. Jóhannsson

Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.







